


STARFSÁÆTLUN

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN KÚLAN

(KÓRASKÓLA)

2023-2024



KÚLAN

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar.....	4
Opnunartímar Kúlunnar.	4
Félagsmiðstöðvadaatal 2023-2024	4
Starfið í vetur.....	5
Áherslur í starfi	5
Valáfangar	5
Samstarf við skólann.....	6
Kúlukids.....	6
Viðburðir í vetur	6
Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ	7
Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla	7
Viðburðir í samvinnu við Samfés.....	8
Félkó miðstöðin	9
Hinsegin FÉLKÓ	9
Velkomin FÉLKÓ	9
Hópastarf	10
Klúbbastarf.....	10
Opið starf	10
Sértækt Hópastarf.....	10
Sumaropnun Kúlunnar.....	10
Unglingaráð	11
Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla	11
Félkóráð	11
Ungmennaráð Kópavogs	11
Ungmennaráð Samfés	12
Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar Frístundadeild 2023-2024 ..	12
Samstarf við foreldra	13
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	13
Neyðaráætlun	13
Móttaka nýrra starfsmanna	13
Öryggisgátlisti	13

Gátlistar í sértæku hópastarfi.....	13
Handbók um starfið	14
Rýmingaráætlun	14
Ytra og innra mat.....	14
Framkvæmt ytra mats	14
Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum	14
Símenntunaráætlun.....	15
Fjöldatölur	16
Starfsfólk Kúlunnar 2023-2024.....	16

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Kúlan þjónustar börn og unglinga í Kórahverfi í Kópavogi. Kúlan þjónustar 8.-10. bekk í Kóraskóla og 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Félagsmiðstöðin sjálf er staðsett á neðri hæð Kóraskóla að Vallarkór 12-14. Kúlan er með skrifstofu/tómstundaráými og hefur svo aðgang að skólanum sjálfum en starfsemin fer að mestu leyti fram á neðri hæðinni. Fjöldi skráðra nemenda í 5.-7. bekk eru 270 og fjöldi skráðra nemenda í 8.-10. bekk eru 272. Kúlan þjónustar því samtals 542 börn og unglinga. Forstöðumaður Kúlunnar er Sindri Ágústsson. Síminn í Kúlunni er 696-1631/441-4417 og netfang forstöðumanns er sindrima@kopavogur.is.

Opnunartímar Kúlunnar.

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadagatal 2023-2024

Félagsmiðstöðvadagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Fristundaeið Kópavogsbjar**

JÚL '24	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 D	2 L	2 M	2 F	2 L	2 D	2 F	2 L	2 D	2 F	2 S
3 M	3 S	3 D	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 D	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 D
5 F	5 D	5 F	5 S	5 D	5 F	5 M	5 D	5 F	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F	6 M	6 L	6 L	6 D	6 M	6 L	6 M	6 F
7 S	7 F	7 L	7 D	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 D	7 F
8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 L	8 M
9 D	9 L	9 M	9 F	9 L	9 D	9 L	9 S	9 F	9 D	9 S
10 M	10 S	10 D	10 F	10 M	10 L	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 D
12 F	12 D	12 F	12 S	12 D	12 F	12 M	12 D	12 F	12 S	12 M
13 L	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 D	13 M	13 L	13 M	13 F
14 S	14 F	14 D	14 F	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 D	14 F
15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 D	16 L	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 L	16 D	16 F	16 S
17 M	17 S	17 D	17 M	17 S	17 M	17 L	17 M	17 F	17 D	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 D
19 F	19 D	19 F	19 S	19 D	19 M	19 L	19 D	19 F	19 S	19 M
20 F	20 M	20 F	20 M	20 L	20 S	20 D	20 M	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 D	21 M
22 F	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 D	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S
24 F	24 S	24 D	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 D	25 M	25 F	25 D	25 F
26 L	26 F	26 F	26 S	26 D	26 F	26 M	26 D	26 F	26 L	26 M
27 S	27 M	27 L	27 M	27 M	27 L	27 D	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 D	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 D	28 F
29 D	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 D	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S
31 F	31 D	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 S	31 F	31 D	31 M

Starfið í vetur

Allir unglingar í 8.-10. bekk í Kóraskóla eru velkomin á opnanir og viðburði í Kúlunni sem og aðrir unglingar sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Það hefur aukist mikið síðustu ár að unglingar eru að kíkja í heimsókn í aðrar félagsmiðstöðvar en sína heimastöð. Sérstaklega mikill samgangur er á milli Kúlunnar og Dimmu í Vatnsendaskóla, en starfsfólk Kúlunnar og Dimmu eiga í góðum samskiptum vegna þess. Nánast allir viðburðir í Kúlunni eru opnir öllum en sumir viðburðir krefjast skráningar líkt og ferðir eða aðrir stærri viðburðir. Miðstigsstarfið í Kúlunni verður alla miðvikudaga á milli 17-18:30, en í ár verða opnanirnar árgangsskiptar vegna þess hve stórir árgangarnir eru.

Áherslur í starfi

Aðaláherslur í starfi Kúlunnar í vetur verður að byggja upp jákvæða og virka félagsmiðstöð í Kóraskóla. Félagsmiðstöðin færði sig í nýtt húsnæði í vor og mikið rask var á starfinu í kjölfar þess. Auk þess hefur nýr forstöðumaður tekið við og hluti starfsmannahópsins er nýr. Við í Kúlunni höfum tekið eftir því að hluti unglingahópsins er ennþá að venjast félagsmiðstöðvaumhverfinu ásamt því að 9. bekkurinn mætir lítið og munum við því leggja sérstaka áherslu á þann árgang í samstarfi við skólann. Hluti af starfinu er einnig að vera meðvituð um þá samfélagsumræðu sem á sér stað hverju sinni. Við höfum því ákveðið að leggja áherslu á hinseginleikann, forvarnir gegn ofbeldi og samskipti á milli unglinga. Þetta eru allt hlutir sem við ætlum bæði að vinna með í opnu starfi sem og fá inn fræðslur frá fagfólki í hverju viðfangsefni fyrir sig. Eflaust verður eitthvað samstarf með Kóraskóla og við fáum inn fræðslur á skólatíma. Ásamt því erum við alltaf að vinna eftir heimsmarkmiðunum og greinum Barnasáttmálans en unglingalýðræði, umhverfis- og loftlagsmál og lýðheilsa er okkur ofarlega í huga. Kúlan leggur ríka áherslu á að félagsmiðstöðin sé öruggur staðar að vera á og með því að leggja áherslu á þá þætti nefndir hér að ofan erum við sannfærð um að okkur takist það betur.

Valáfangar

Kúlan kemur ekki að neinum valáföngum á haustönn í ár en á vorönn sér starfsfólk Kúlunnar um árbókarval fyrir 10. bekk. Unnið verður svo í samstarfi við skólann að þróa og eiga samstarf um aðra valáfanga.

Samstarf við skólann

Starfsmenn Kúlunnar eiga í mjög góðu samstarfi við stjórnendur og kennara í Kóraskóla. Félagsmiðstöðin sér um nemendaráðið sem er sameiginlegt nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla. Engir formlegir fundir eru hjá forstöðumanni Kúlunnar og stjórnenda Kóraskóla en samtalið þar á milli er engu síður mjög virkt og báðir aðilar duglegir að leita til hvors annars og upplýsa ef eitthvað er í gangi. Forstöðumaður Kúlunnar situr nemendaverndaráðsfundi aðra hverja viku ásamt stjórnendum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Einnig mun Kúlan eiga í samstarfi við Hörðuvallaskóla varðandi miðstigsstarfið og starfsmaður Kúlunnar mun koma að nemendaráði þeim megin.

Kúlukids

Miðstigsstarfið í Kúlunni er kallað Kúlukids og er í boði fyrir krakka í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Forstöðumaður er nýlega tekinn við í Kúlunni og er því ekki kunnugt um það hvernig miðstigsstarfinu hefur verið háttað síðustu ár. Á þessu ári verður Kúlukids alla miðvikudaga á milli 17:00 og 18:30. Eins og áður kom fram eru árgangarnir mjög stórir og ætlum við því að hafa árgangaskipt á allar opnanir. 5. og 6. bekkur einu sinni í mánuði og 7. bekkur tvisvar. Þegar líða fer á skólaárið setjum við svo meiri áherslu á 7. bekkinn til þess að undirbúa þau fyrir haustið í Kúlunni. Á dagskrá miðstigsstarfsins eru svipaðir viðburðir og fyrir unglingana en þar má til dæmis nefna útileiki, fífa mót, skartgripagerð og brjóstsykursgerð.

Viðburðir í vetur

Í vetur stefnum við á að hafa okkar viðburði fjölbreytta og skemmtilega. Viðburðir eða dagskrárliðir eru bæði ákveðnir af starfsfólki, unglingum og nemendaráði. Dæmi um viðburði sem verða í vetur eru vinabandagerð, hinseginkvöld, ískvöld, tie dye, árgangakvöld og ferðir hingað og þangað. Dagskráin er svo hengd upp í Kúlunni, deilt á Instagram og send í pósti til foreldra.

Hér má sjá dæmi um hvað var að gerast í september í Kúlunni:

September					2023
MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	
28. ÁGÚST 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 VELKOMIN AFTUR Í KÚLUNA	29. ÁGÚST 12:15 - 15:00 ÓPIÐ	30. ÁGÚST 17:00-18:30 TRÚNÓ OG TEIKNINGAR 19:30-22:00 8. BEKKJARKVÖLD	31. ÁGÚST 12:15 - 14:30 ÓPIÐ	1. 19:30-22:45 PÓCÓ	
4. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 STINGERMÓT	5. 12:15 - 15:00 ÓPIÐ	6. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 ÓPIÐ HÚS	7. 12:15 - 14:30 ÓPIÐ	8. LOKAÐ	
11. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 ÍSFERÐ	12. 12:15 - 15:00 ÓPIÐ	13. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 WATER PONG	14. LOKAÐ	15. 19:30-22:45 HVER VEIT OPNUN	
18. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 HJARTSLÁTTUR	19. 12:15 - 15:00 ÓPIÐ	20. 17:00-18:30 ÓPIÐ HÚS 19:30-22:00 NAMMI SMAKK	21. 12:15 - 14:30 ÓPIÐ	22. LOKAÐ	
25. 17:00-18:30 LOKAÐ - STARFSMANNAFUNDUR 19:30-22:00 ÍTK PEPP OG PREPP	26. 12:15 - 15:00 ÓPIÐ	27. 17:00-18:30 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR 19:30-22:00 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR	28. 12:15 - 14:30 ÓPIÐ	29. 15:00-18:00 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR 20:00-22:45 ÍTK BALL	

Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ

Félagsmiðstöðvar Kópavogs halda marga sameiginlega viðburði saman yfir skólaárið undir nafninu FÉLKÓ. Þar má t.d. nefna íþróttavikuna, fræðsluviku, GETKÓ, söngkeppni og böll. Einnig vinna félagsmiðstöðvarnar saman að útivaktarstarfi en tvær útivaktir eru að lágmarki í mánuði þar sem starfsmenn félagsmiðstöðvanna vakta bæinn eftir að útivistartíma unglinga lýkur.

Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla

Á plani eru tveir viðburðir sem Kúlan vinnur í samstarfi við Kóraskóla. Það eru jólaskeggtun í desember og árshátíð í apríl.

Viðburðir í samvinnu við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu

Hér má sjá dagskrá Samfés þetta starfsár:

DAGSKRÁ SAMFÉS 2023 - 2024



SEPT23

14.-15. SEPT.
Starfsdagar Samfés

OKT23

6.- 8. OKT.
Landsmót Samfés
16.- 20. OKT.
Félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan
27.- 28. OKT.
Rafíþróttamót Samfés og Elko

NÓV23

NÓV - Nordic youth month!
24.- 25. NÓV.
Nordic youth summit í Hörpu
17. NÓV.
Rímnaflæði

JAN24

5. JAN.
Samfés-con
19. JAN.
Danskeppni Samfés
20. JAN.
Stíll hönnunarkeppni

FEB24

16. - 18. FEB.
Landsþing Samfés+

MARS24

15.-16. MARS
Rafíþróttamót Samfés og Elko

APRÍL24

2. APRÍL
Undankeppnum söngkeppni
Samfés lýkur
3. APRÍL
Skráning í söngkeppni Samfés hefst
18.-19. APRÍL
Aðalfundur Samfés

MAÍ24

3. - 4. MAÍ
SamFestingurinn í Laugardalshöll



FÉLKÓ miðstöðin

FÉLKÓ miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. FÉLKÓ miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í FÉLKÓ -miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í FÉLKÓ miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar FÉLKÓ -miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Hinsegin FÉLKÓ

Í Kúlunni erum við að vinna í því að gera hinseginleikann sýnilegri og er í skoðun hjá okkur að bjóða upp á hinseginklúbb. Við erum ennþá að læra inn á unglingahópinn og munum á næstunni byrja á að bjóða okkar hinsegin krökkum upp á ferð í Hinsegin FÉLKÓ í vetur.

Velkomin FÉLKÓ

Við erum í samvinnu við Kóraskóla með ÍSAT nemendurna hér og eigum eftir að nýta okkur Velkomin FÉLKÓ með þeim í vetur.

Hópastarf

Klúbbastarf

Í Kúlunni undanfarin ár hafa verið einhverjir klúbbar starfræktir en með tilkomu nýs starfsfólks á það eflaust eitthvað eftir að breytast. Unglingarnir virðast þekkja lítið til klúbbastarfs og ætlum við að breyta því. Til þess að halda úti öfluggu klúbbastarfi þarf að finna styrkleika/áhugasvið starfsfólks og vinna út frá því í tengslum við áhugasvið unglinganna. Þetta er vinna sem er í gangi og munum við reyna að halda úti einhverskonar klúbbastarfi á skólaárinu. Til þess að kynna klúbbafyrirkomulagið fyrir unglingunum setur starfsfólkið klúbba reglulega á dagskránnu en við erum alltaf að leita að hugmyndum frá unglingunum sjálfum að klúbbum sem rúlla allt skólaárið.

Opið starf

Opið starf felur í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Sértækt Hópastarf

Sértækt hópastarf gefur unglingum möguleika á að vinna saman í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. Sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Í Kúlunni stendur til að virkja nokkra hópa í 9. bekk í gegnum sértækt hópastarf og er sú vinna komin af stað með námsráðgjafa og kennurum.

Sumaropnun Kúlunnar

Forstöðumaður er ekki með það alveg á hreinu hvernig sumaropnunum í Kúlunni hefur verið háttað undanfarin ár þar sem hann er ný tekinn við. Næsta sumar sjáum við þó fyrir okkur að fylgja svipaðri uppskrift og í öðrum félagsmiðstöðvum. Það verða almennar opnanir í bland sértækt hópastarf og smiðjur fyrir krakka 10-13 ára. Á sumrin fær svo 7. bekkur að mæta á opnanir á kvöldin til þess að undirbúa sig fyrir haustið þegar þau koma inn sem nýr 8. bekkur.

Unglingaráð

Nemenda- og unglingaráð er ein af leiðunum sem við notum til þess að vinna með lýðræði í félagsmiðstöðvastarfi. Í okkar starfi erum við að vinna með fjögur ráð, nemendaráð innanhús, FÉLKÓ ráðið, Ungmennaráð Kópavogs og Ungmennaráð Samfés.

Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla

Hjá okkur er eitt sameiginlegt nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla. Starfsmenn Kúlunnar sjá þó að mestu leyti um ráðið en þó með aðkomu kennara og skólastjórnenda í Kóraskóla. Nemendaráðið er lýðræðislega kosið og kýs hver árgangur sinn fulltrúa en frambjóðendur þurfa að halda stutta tölu fyrir framan sinn árgang áður en kosið er. Í ár er ráðið skipað fjórum nemendum úr 8. bekk, þremur nemendum úr 9. bekk og fimm nemendum úr 10. bekk auk tveggja varamanna. Ráðið kýs sér svo formann og varaformann sem sitja svo í skólaráði ásamt því að tveir fulltrúar fara í FÉLKÓ ráðið. Í ár eigum við svo einn fulltrúa í Ungmennaráði Samfés. Hlutverk nemendaráðins er að vera tengiliðir nemenda við félagsmiðstöð og skólann. Ráðið kemur að skipulagningu starfsins í félagsmiðstöðinni og er skólastjórnendum innan handar í ákvörðunum sem varða nemendahópinn. Þeir sem sitja í nemendaráði eru fyrirmyndir fyrir aðra nemendur og brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar eða skólans geta haft þær afleiðingar að viðkomandi þurfi að víkja úr nemendaráði.

Félkóraráð

Í Félkóráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að

hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja vibðurði á vegum Samfés.

Verkefni tengd aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglinga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Samstarf við foreldra

Forstöðumaður á í góðum samskiptum við foreldra. Dagskráin í Kúlunni er send út mánaðarlega ásamt stökum póstum þegar það á við. Stefnan er sett á að senda út fréttabréf úr félagsmiðstöðinni þegar fer að líða aðeins á árið og forstöðumaður er búinn að setja sig aðeins betur inn í starfið. Einnig er mjög virkt samtal á milli Kúlnunnar og foreldrafélags Kóraskóla.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna.

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum.

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Gátlisti er varðar hinsegin málefni væri góð nýjung í þennan annars góða gagnabanka. Hér er hægt að sjá hvar hægt er að finna eftirfarandi gátlista.

Gátlisti um einelti

Gátlisti er varðar félagslega einangraða

Gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Gátlisti varðandi sértækt hópastarf

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Forstöðumaður og starfsfólk tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og forstöðumaður eða aðrir starfsmenn Kúlunnar í húsi.

Ytra og innra mat

Framkvæmt ytra mats

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið

matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi. Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við börnin um félagsmiðstöðvastarfið í gegnum unglingaráð eða félagsmiðstöðvavaláfanga.


Símenntunaráætlun

Yfir árið eru reglulega starfsmannafræðslur á vegum frístundadeildar ásamt því að starfsfólki gefst kostur á að sækja fræðslur og fyrirlestra á vegum Samfés. Þar má t.d. nefna starfsdaga Samfés og Samfés-Con. Hér má sjá símenntunaráætlun frístundadeildar 2023-2024:

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
23. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst Kl. 19.00-20.00	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði ☺	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp.	Skyndihjálp.	Fræðsluvefur Kópavogsbæjar	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október Kl. 17.00-19.00	Hinsegin fræðsla- Hinsegin vika í tengslum við Förvarnarráðgjafa	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Samtökin 78
6.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkferakistu- Dagur Spilasmíðja Brjóstsykursgerð Föndur D&D	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó -miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla- Farsældarlösing	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð í innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar kl. 17.00-19.00	Sjálfsvarnar- námskeið.	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar kl. 10.00-11.00	Stjórnendafraeðsla.	Árangur í tegmisvinnu.	Fannborg 2, fundarherbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5. og 7.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Bvk borgar og Samfél.
4.mars kl. 17.00-19.00	Verkferakistu- dagur.	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	Félkó - miðstöðin.	Allir starfsmenn

Fjöldatölur

Hér má sjá fjöldatölur fyrir starfsárið 2022-2023. Upplýsingar um fjöldatölur frá mars 2023 til ágúst 2023 hefur forstöðumaður því miður ekki upplýsingar um.



Starfsfólk Kúlunnar 2023-2024

- Sindri M. Ágústsson – Forstöðumaður
- Ólöf Helga Hilmarsdóttir - 100% frístundaleiðbeinandi
- Hrefna Lind Pálmadóttir – 50% frístundaleiðbeinandi
- Christopher Einar Burrell – 39% frístundaleiðbeinandi
- Stefán Valþórsson – 39% frístundaleiðbeinandi
- Ellert Sigurðarson – 39% frístundaleiðbeinandi
- Tinna G. Jóhannsdóttir – 39% frístundaleiðbeinandi